



Ársskýrsla veturinn 2019-2020

Tónlistarskóli Borgarfjarðar





Ársskýrsla veturinn 2019-2020 Tónlistarskóli Borgarfjarðar

Inngangur

Tónlistarskóli Borgarfjarðar heyrir undir fræðslunefnd og sinnir tónlistarfræðslu í Borgarfjarðarhéraði. Í skólanum er kennt á hin ýmsu hljóðfæri auk söng- og forskólakennslu. Skólinn starfar á fjórum stöðum í héraðinu, í Borgarnesi, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi.

Fastráðnir kennarar við skólann voru tíu og tveir stundakennarar og stöðugildin 7,5. Starfsemin frá miðjum ágúst að hausti til loka maí að vori.

Nemendur voru frá þriggja til tæplega sextíu ára. Nemendur veturinn 2019-2020 voru 182 og skiptust þannig:

- nemendur á leikskólaaldri 24
- nemendur á grunnskólaaldri 144
- nemendur á framhaldsskólaaldri 4
- fullorðnir nemendur 10

Leiðarljós

Tónlistarskólar gegna fjölbreyttu hlutverki í samfélaginu, þeir stuðla að öflugum tónlistarlífi, vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga. Tónlistarskólinn miðar að því að gefa þeim sem vilja tækifæri til að læra og kynna tónlist. Haft er að leiðarljósi að nemendur öðlist færni, þekkingu og skilning á hljóðfæri/söng. Stuðlað er að því að efla áhuga nemandans á tónlist og hann læri einnig að njóta tónlistar.

Hlutverk og meginviðfangsefni

Tónlistarskóli Borgarfjarðar starfar eftir Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Hlutverk skólans er m.a. að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur
- búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi
- stuðla að auknu tónlistarlífi

Tónlistarkennslan fer fram í einkatímum og hóptímum. Námsþættir í tónlistarnáminu eru margvíslegir og mismunandi eftir hljóðfærum. Mikilvægt er að nemendur kynnist fjölbreyttum tónverkum, æfi tónstiga og læri tónfræðigreinar.

Samleikur og samsöngur er veigamikill hluti tónlistarnámsins, en hann er þroskandi, hefur félagslegt gildi og eflir samkennd og tillitssemi. Nemendur þjálfast í að koma fram á tónleikum og við ýmis tækifæri, en nemendum ber að koma fram reglulega.

Tónlistarnámið skiptist í þrjá megináfanga; grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Flestir nemendur eru í grunnnámi, forskóla-nemendur þar með taldir.

Fjöldi nemenda eftir stigum:

- grunnnám 176 (þar af 24 í forskólanámi)
- miðnám 4
- framhaldsnám 2



Helstu verkefni veturinn 2019-2020

Starfsemi Tónlistarskóla Borgarfjarðar skólaárið 2019-2020 var nokkuð hefðbundin framanaf með kennslu, samspils/söngs-hópum, tónfundum og tónleikum. Skólafarir litaðist töluvert af Covid 19 á vormánuðum 2020.

Ákveðið var að söngleikjadeildin myndi vera með eina sýningu yfir veturinn og voru flutt atriði úr söngleikjunum *Litlu Ljót* og *Ávaxtakörfunni* í byrjun mars.

Nemendur skólans komu fram við ýmis tækifæri í héraðinu. Nemendur og kennarar fóru í félagsstarf aldraðra Borgarnesi á haustmánuðum og héldu tónleika, en ekki var unnt að sinna því eftir áramótin vegna C19.

Þemavika er fastur liður á vorönninni. Að þessu sinni urðum við að sleppa þessum þætti þar sem kennslan var að mestu í fjarkennslu frá miðjum mars og fram í byrjun maí.

Tónlistarskólinn sá um tónlistarsmiðjur fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára á í Borgarnesi auk þess að vera með söngstundir fyrir Grunnskólann í Borgarnesi, yngsta stig.

Skólinn er í samstarfi við Safnahús Borgarfjarðar með verkefnið „Að vera skáld og skapa“ og að þessu sinni var unnið með ljóð eftir Þorstein frá Hamri, en ekki var unnt að vera með tónleika á sumardaginn fyrsta eins og venjulega þannig að við höldum áfram með Þorstein frá Hamri næsta vetur.

Nemendur Tónlistarskólans sungu þegar kveikt var á jólatrénu í Skallagrímssgarði í byrjun desember og skólinn var með tónleika á svölunum á 17. júní að beiðni sveitarfélagsins.

Fengum snemmvetrar góðar heimsóknir, Reynir Hauksson kynnti fyrir okkur flamenco-tónlist og leikhópurinn Flækja kom með jólasýningu *Það og Hvað*.

Að þessu sinni var lítið um hefðbundnar dýrðir í maímánuði þar sem C19 litaði starfið verulega frá miðjum mars, ekki voru hefðbundin próf, eingöngu stigs- og áfangapróf þreytt og ekki haldnir vortónleikar á vegum skólans. Foreldrar fengu sendar upptökur af börnum sínum að spila/syngja í tímunum.

Skólinn fékk góðar gjafir á skólaárinu, frá Stéttarfélagi Vesturlands, Tónlistarfélagi Borgarfjarðar og Hljómlistarfélagi Borgarfjarðar, fjárhæðir sem nýttar voru til hljóðfæra- og tæknibúnaðarkaupa.

Framkvæmdir og fjárfestingar

Keyptir sófar á efri hæðina og eitthvað af búnaði í herbergin.

Mat á því sem gert hefur verið

Húsið lítur mjög vel út að utan, fallega hvítt og merki skólans sómir sér vel á framhliðinni. Á vormánuðum var sett brunakerfi og ljósleiðari í húsið. Eitthvað var átt við aspir, en huga þarf að því að lagfæra meira í bakgarðinum.

Theodóra Þorsteinsdóttir, 12. ágúst 2020